

Ed.

179. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég undirritaður hef ekki getað orðið sammála hv. meiri hl. fjárhagsnefndar um afgreiðslu þessa máls. Sú aðferð, að taka opinber gjöld með nefsköttum, er nú af flestum talin ranglát og úrelt. Þótt hér sé að visu ekki um háa upphæð að ræða, virðist ástæðulaust að hækka hana, þar sem hún er greidd af öllum jafnt, gamalmenn-um og sjúklingum sem öðrum. Ég legg því til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 4. des. 1946.

Ásmundur Sigurðsson.